16.01.2024, Tryggvi Felixson

Tillaga að samþykkt í Menntaráði Kópavogs, 16. janúar 2024

Tilgangur PISA er að meta hvort nemendur sem eru við það að ljúka skólaskyldunámi hafi öðlast þá þekkingu og færni sem þeir þurfa í áframhaldandi námi eða starfi. PISA leggur sérstaka áherslu á að meta hvort nemendur geti yfirfært það sem þeir læra í skóla yfir á ný verkefni og nýjar aðstæður. PISA er því könnun sem getur veitt mikilvægar og eftirsóknarverðar upplýsingar fyrir aðila sem bera ábyrgð á rekstri grunnskóla á Íslandi.

PISA matið fer fram í ríkjum sem eiga aðild að OECD og er framkvæmt með reglulegu millibili. Það bíður því upp á áhugaverðan og gagnlegan samanburð á milli landa og yfir tíma í einstökum ríkjum. Niðurstöður PISA 2022 fyrir íslenska nemendur sýna neikvæða þróun og slæma stöðu gagnvart löndum sem við berum okkur saman við. Staðan fyrir Ísland sem heild er óásættanleg.

Í þeim upplýsingum sem kynntar eru um PISA matið á Íslandi er hvorki hægt að greina á milli einstakra skóla né sveitarfélaga. Hjá fleiri ríkjum sem taka þátt í PISA er „fíngreining“ niður á skóla og sveitarfélög möguleg. Það virðist því vera ákvörðun stjórnvalda hér á landi að niðurstöður eru birtar með þeim hætti að þær nýtast hvorki við mat á stöðunni í einstaka grunnskólum né bæjarfélögum.

Kópavogsbær ber ábyrgð á rekstri og gæðum grunnskóla bæjarfélagsins og veitir til þeirra umtalsverðum hluta af tekjum bæjarfélagsins. Þar sem bæjarfélagið hefur ekki aðgang að gögnum sem sýna PISA matið sérstaklega fyrir skóla bæjarfélagsins, nýtast gögnin ekki sem skyldi til framþróunar og umbóta.

Það er af framangreindum ástæðum sem Menntaráð Kópavogs kallar eftir sundurgreinanlegum niður-stöðum úr PISA-könnuninni árið 2022. Menntaráð hefur áhuga á og telur þörf fyrir, að nýta PISA könnunina til að greina styrkleika og veikleika í þekkingu og færni nemenda í grunnskólunum í Kópavogi sérstaklega, og leita svara við því hvort og hvaða úrbóta kunni að vera þörf í skólum bæjarins í framtíðinni.

Menntaráð beinir þeim tilmælum til menntamálaráðherra og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu að bregðast fljótt og vel við þessari beiðni, að veita Kópavogi aðgang að gögnum um niðurstöðu PISA könnunnar 2022 sem sýni stöðuna og þróunina i grunnskólum bæjarfélagsins.

Sjá skýrsluna PISA, Helstu niðurstöður á Íslandi

https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2022_helsta_island.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026